

Punkturinn 5.tbl. 4.árg. 2013 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punktsins, fréttabréfi Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, verður fjallað um nokkra nýlega dóma Héraðsdóms Reykjavíkur um álitafni tengd skatta- og félagarétti.

Þá er að auki fjallað um nýjar kröfur um kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja, en breytingar á lögum um einka- og hlutafélög tóku gildi þann 1. september s.l., hvað það varðar.

Eins og ávallt, þá eru starfsmenn Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte reiðubúnir að veita aðstoð á sviði skatta- og lögfræði.

- **Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga um hlutafélög má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans**, sjá umfjöllun um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-663/2012, á bls. 2.
- **Eitt af skilyrðum skattalegs samruna er að félögin sem sameinuð eru hafi með höndum skyldan rekstur. Þá þurfa að vera rekstrarlegar ástæður að baki lántökum svo mögulegt sé að telja fjármagnskostnað til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar**, sjá umfjöllun um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2478/2012, á bls. 2.
- **Arðgreiðsla úr félagi talin eiganda þess til tekna þar sem skilyrði fyrir úthlutun arðs voru ekki fyrir hendi samkvæmt lögum um einkahlutafélög**, sjá umfjöllun um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3327/2012, á bls. 3.
- **A og endurskoðandi hans B dæmdir fyrir meiriháttar brot gegn tekju-skattslögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngu skattframtali A**, sjá umfjöllun um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-908/2012, á bls. 3.
- **Hinn 1. september tóku gildi ákvæði einka- og hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórnnum félaga. Deloitte getur aðstoðað við allt er viðkemur þeim breytingum sem huga þarf að vegna gildistökkunnar**, sjá umfjöllun á bls. 3.



Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. maí 2013 í máli nr. S-663/2012 - greiðsla fyrir hlut má ekki nema minna en nafnverð hans

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga um hlutafélag má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans.

L var stjórnarformaður B ehf. og var ákærður fyrir að hafa brotið vísitandi gegn ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995, með því að greiða minna en nafnverð fyrir 50 milljarða nýrra hluta í E hf. Með kaupsamningi 8. desember 2008 keypti B ehf. framangreinda hluti í E hf. og var kaupverðið greitt með 1 milljarði hluta í K ehf. sem metið var á 1 milljarð króna.

Á L hvíldu skyldur stjórnarmanns sbr. IX. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélag, en ljóst var að L hafði reynslu af rekstri félaga. Talið var að L hlyti að hafa verið ljóst að skv. 1. mgr. 16. gr. hlutafélagalaga má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans. Með því að greiða þannig nefnda fjárhæð fyrir hlutina í E hf. braut ákærði gegn þessu ákvæði og var L sakfelldur fyrir það brot. L var sektaður fyrir umferðarlagabrot árið 2010 og var því gerður hegningarauki við refsingu L, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Enn fremur voru L og B ákærðir fyrir að skýra vísitandi rangt og villandi frá hækkan á hlutafélag E hf. með því að B sendi þann 8. desember 2008, að undirlagi L, tilkynningu til hlutafélagaskrár þar sem ranglega kom fram að hækkan á hlutafélag E hf., að nafnverði 50 milljarða króna, hefði að fullu verið greidd til félagsins þótt einungis hefði verið greitt fyrir hlutafélag með 1 milljarði hluta í K ehf. að verðmæti 1 milljarði króna, en háttsemin taldist varða við 1. mgr. 153. gr. hlutafélagalaga. Var þess krafist að ákærðu yrðu dæmdir til refsingar auk þess að B yrði, með vísan í 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, sviptur réttindum til að vera héraðsdómslögmaður.

Dómurinn taldi það ósannað að B hefði átt þátt í að semja eða senda tilkynninguna og var hann sýknaður af þeim lið ákærunnar. Í niðurstöðum sínum benti dómurinn á að hlutafjárukningin og greiðslufyrirkomulag hennar hafi verið ákveðin á stjórnarfundum E hf., 4. desember 2008.

Skýrsla endurskoðanda fylgdi tilkynningunni til Fyrirtækjaskrár, en þar kom fram að virði K ehf. væri sannarlega 1 milljarður króna. Í tilkynningunni kom ekki annað fram en það sem gerðist á nefndum stjórnarfundum. Ekki var fallist á að B hefði skýrt rangt eða villandi frá hækkaninni og var hann því sýknaður af ákærinni.

Við ákvörðun refsingar tók dómurinn fram að samkvæmt skýrslu endurskoðanda var verðmæti það, sem B ehf. greiddi fyrir eignarhlutinn í E hf. sannvirði og var því mati ekki hnekkt. Ennfremur voru ekki bótakröfur uppi í málinu. Var refsing L ákveðin tvær milljónir króna sekt og 60 daga fangelsi í stað sektar, yrði sektin ekki greidd innan 4 vikna.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. júní 2013 í máli nr. E-2478/2012 - skyldur rekstur sameiningarfélaga er eitt af skilyrðum skattalegs samruna

Eitt af skilyrðum skattalegs samruna er að félögin sem sameinuð eru hafi með höndum skyldan rekstur. Þá þurfa að vera rekstrarlegar ástæður að baki lántökum svo mögulegt sé að telja fjármagnskostnað til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar.

Í málinu var deilt um úrskurð Ríkisskattstjóra dags. 16. desember 2011 þar sem opinber gjöld S hf. vegna 2006, 2007, 2008, 2009 og 2010 voru endurákvörðuð, en S hf. krafðist þess m.a. að úrskurðurinn yrði ógiltur. Deilt var annars vegar um það hvort S hf. hefði verið heimilt að nýta uppsafnað rekstrartap frá félagi sem S hf. hafði sameinast og hins vegar hvort að S ehf. hefði verið heimilt að draga frá rekstrartekjum sínum vaxtagjöld og gengismun af fjárskuldbindingu sem stefnandi yfirtók við samruna félaganna.

Til stuðnings kröfu sinni vísaði S ehf. til þess að Ríkisskattstjóri og starfsmenn hans hafi verið vanhæfir til að kveða upp úr úrskurð í málinu þar sem yfirmaður eftirlitssviðs Ríkisskattstjóra hafi fjallað um áþekka samruna í fréttablaði Ríkisskattstjóra, Tíund. Þessari málsástæðu S hf. hafnaði dómurinn. Í því sambandi vísaði dómurinn til dóms Hæstaréttar í máli nr. 626/2010 þar sem fram kemur að starfsmenn Ríkisskattstjóra hafi nokkurt svigrúm til almennrar umfjöllunar um álitaefni á sviði skattaréttar án þess að slíkt leiði til vanhæfni þeirra til að taka ákvarðanir í einstökum málum.

Jafnframt því þá hafi umfjöllunin sem S hf. vísaði til ekki verið með þeim hætti að S hf. hafi haft ástæðu til að draga óhlutdrægni embættisins í efa með réttu.

Þá vísaði S hf. til þess að tveggja ára endurákvörðunarfrestur skattfyrivalda hafi verið liðinn vegna ársins 2006, sbr. 2. mgr. 97. gr. laga um tekjuskatt, þegar endurákvörðun fór fram á árinu 2011. Af þeim sökum hafi Ríkisskattstjóra verið óheimilt að endurávarða opinber gjöld vegna gjaldársins 2006. Dómurinn hafnaði þessari málsástæðu þar sem nauðsynlegt var af hálfu Ríkisskattstjóra að leita skýringa stefnanda á því sem máli skipti við mat á því hvort skilyrði fyrir nýtingu rekstrartaps væru uppfyllt. Ríkisskattstjóri gat því ekki án nánari athugunar tekið ákvörðun um hvort færa mætti rekstrartapið til frádráttar á skattframtali stefnanda umrætt ár á grundvelli skattframtalsins og fylgigagna þess. Samkvæmt því gildi sex ára frestur til að endurávarða skattinn, sbr. 1. mgr. 97. gr. laga um tekjuskatt.

Þá vísaði S hf. til þess að öll lagaskilyrði hafi verið uppfyllt við samruna hans við B ehf. og að við sameininguna hafi S hf. tekið við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum. S hf. hafi því verið heimilt að nýta eftirstöðvar rekstrartaps sem myndast hafði hjá B ehf. Í niðurstöðum vísar dómurinn til forsenda að úrskurði Ríkisskattstjóra þar sem fram kemur að aðalstarfsemi S hf. hafi verið fiskiskipaútgærd og vinnsla sjávarafila á meðan aðalstarfsemi B ehf. hafi verið fólgin í eignarhaldi á hlutabréfum í stefnanda sjálfum í þágu ákveðinna hluthafa. Ekki hafi því verið uppfyllt skilyrði 1. mgr. 54. gr. tekjuskattslaga um skyldan rekstur. Var því ekki fallist á þessa málsástæðu S hf.

Þá byggði S hf. ógildingakröfu sína á því að ákvörðun Ríkisskattstjóra um að ekki mætti draga fjármagnskostnað frá tekjum stefnanda hafi verið röng í ljósi þeirrar meginreglu að félagi í atvinnurekstri sé heimilt að draga allan rekstrarkostnað frá tekjum, þar með talið vexti af skuldum. Í forsendum að niðurstöðu vísar dómurinn til niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli nr. 555/2012 þar sem fram kemur að í 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga felist sú regla að frádráttarbærni kostnaðar sé háð því að kostnaðurinn sé tengdur tekjuöflun á árinu. Vextir, afföll og gengistöp sem ekki eru tengd atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eru þannig ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi tekjuskattslaga.

Þá vísar dómurinn til forsenda í úrskurði Ríkisskattstjóra þar sem fram kom að kaup B ehf. á hlutum í stefnanda hafi verið fjármöggnuð með lántökum B ehf. og að þær skuldbindingar hafi færst til stefnanda við samrunann. Rekstrarlegir hagsmunir stefnanda hafi því ekki legið að baki þessum kostnaði og því hafi ekki verið um frádráttarþæran rekstrarkostnað að ræða. Féllst dómurinn því ekki á þessa málsástæðu S hf. til grundvallar ógildingu úrskurðarins.

Í ljósi þess að öllum málsástæðum S hf. var hafnað, var íslenska ríkið sýknað af kröfum félagsins.

Héraðsdómur Reykjavíkur frá 24. júní 2013 í máli nr. E-3327/2012 - skilyrði fyrir úthlutun arðs

Arðgreiðsla úr félagi talin eiganda þess til tekna þar sem skilyrði fyrir úthlutun arðs voru ekki fyrir hendi samkvæmt lögum um einkahlutafélög.

Í máli þessu var deilt um þá ákvörðun Ríkisskattstjóra að færa S til skattskyldra launatekna í skattframtali árið 2007 greiðslu að fjárhæð krónur 8.434.751 og í skattframtali 2009, krónur 150.000.000 frá K ehf., en félagið var að fullu í eigu S. Ríkisskattstjóri byggði á því að um væri að ræða óheimila úthlutun af fjármunum félagsins sem bæri að skattleggja sem launatekjur en ekki sem arð. Þá bætti Ríkisskattstjóri álagi við vantalda gjaldstofna að fjárhæð krónur 2.108.688 gjaldárið 2007 og krónur 37.500.000 gjaldárið 2009.

S krafðist þess að framangreindur úrskurður Ríkisskattstjóra yrði felldur úr gildi þar sem frestur til endurákvörðunar vegna tekjuáranna 2006 og 2008 hafi verið liðinn þegar úrskurðurinn var kveðinn upp á árinu 2012. Dómurinn féllst ekki á þá málsástæðu þar sem ekki hefðu legið fyrir fullnægjandi upplýsingar um tilurð og forsendur að baki umræddum greiðslum stefnanda frá K ehf. eða að honum hafi verið unnt að slá því föstu hvornig þær voru til komnar án þess að veita stefnanda færi á að gefa skýringar þar að lútandi. Var frestur til endurákvörðunar því sex ár í stað tveggja og fresturinn því ekki liðinn.

Þá byggði S á því að eigið fé K ehf. hafi verið jákvætt og því hafi skilyrði til úthlutunar arðs verið til staðar, sbr. 74. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Dómurinn féllst ekki á þessa málsástæðu stefnanda þar sem fram kom í ársreikningum félagsins fyrir árin 2005, 2006 og 2007 að félagið hafi verið rekið með halla öll árin. Af þeim sökum gæti ekki verið um úthlutun arðs á grundvelli hagnaðar ársins eða yfirfærðs hagnaðar frá fyrri árum að ræða. Þá taldi S að skilyrði 74. gr. hafi verið uppfyllt þótt óráðstafað fé hafi verið neikvætt þar sem fyrir hendi var endurmatsreikningur, sem sé frjáls sjóður, sem heimilt er að ráðstafa sem arði til hluthafa, að því marki, að eigið fé í heild verði ekki neikvætt. Dómurinn féllst ekki á þessi sjónarmið þar sem ótvírátt væri að frjálsir sjóðir samkvæmt lagagreininni myndist af rekstrarhagnaði fyrri ára eða niðurfærslu hlutafjár. Þessi skilyrði hafi ekki verið fyrir hendi í tilfalli S. Þá hafi endurmatið, sem framkvæmt var, ekki skapað skilyrði til úthlutunar arðs á grundvelli frjálsra sjóða í skilningi framangreinds lagaákvæðis, meðal annars þar sem ekkert opinbert mat lá fyrir um virði eigna félagsins.

Féllst dómurinn því á niðurstöðu Ríkisskattstjóra að um hafi verið að ræða slíka afhendingu verðmæta að telja bar kæranda til tekna. Þá var kröfu S um niðurfellingu álags hafnað. Var því íslenska ríkið sýknað af kröfum S.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. júní 2013 í máli nr. S-908/2012 - skil á efnislega röngu skattframtali

A og endurskoðandi hans B dæmdir fyrir meiriháttar brot gegn tekjuskattslögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngu skattframtali A.

Ákærðu, A og endurskoðanda hans, B, var gefið að sök að hafa í sameiningu staðið skil á efnislega röngu skattframtali A, gjaldárið 2008 vegna tekjuársins 2007, með því að vanframtelja tekjur að fjárhæð 820 milljónir króna. Málavextir voru þeir að A átti í viðskiptum við Landsbankann á árinu 2007 með framvirkum skiptasamningum. Um var að ræða viðskipti með hlutabréf sem bankinn sá um að kaupa og selja fyrir hann. Hagnaður af viðskiptunum var lagður inn á bankareikning hans og yrði tap á þeim var tekið út af reikningnum til að jafna það.

Haustið 2010 hóf Skattrannsóknarstjóri rannsókn á skattskilum A en rannsóknin beindist einnig að þætti endurskoðandans B sem taldi fram fyrir A.

Í niðurstöðum dómsins kemur fram að í 1. mgr. 7. gr. tekjuskattslaganna segi að skattskyldar tekjur teljist með þeim undantekningum og takmörkunum sem síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðmætis og skiptir þá ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru. A taldi einungis fram hluta af tekjum framangreindra viðskipta, en endurskoðandinn B áætlaði varlega tap af þeim viðskiptum og dró þá fjárhæð frá heildartekjunum.

B bar fyrir sig að lög nr. 38/2008 hafi heimilað að telja fram á þann hátt sem hann gerði. Þau lög giltu hins vegar um söluhagnað sem varð til á árinu 2008 og var þeirri málsástæðu B því þegar hafnað. A og B viðurkenndu fyrir dómi að hafa staðið saman að því að skila framtali A. Var því niðurstaða dómsins sú að þeir hefðu báðir brotið gegn ákvæðum laga um tekjuskatt sem tilgreind voru í ákæru. Að mati dómsins kom ekki til álita að telja B, endurskoðanda A sem hlutdeildarmann í broti A, enda var þáttur hans með þeim hætti að hann teldist vera aðalmaður í brotinu ásamt A. Voru því A og B báðir sakfelldir samkvæmt ákærinni.

Kynjahlutföll í stjórnnum fyrirtækja

Hinn 1. september tóku gildi ákvæði einka- og hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórnnum félaga. Deloitte getur aðstoðað við allt er viðkemur þeim breytingum sem huga þarf að vegna gildistökkunnar.

Hinn 1. september 2013 tóku gildi ákvæði einka- og hlutafélagalaga um kynjahlutföll í stjórnnum félaga. Þá þurfa lífeyrissjóðir einnig að uppfylla skilyrði um kynjakvóta, sbr. 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997. Vegna þessara ákvæða er nauðsynlegt fyrir stjórnendur fyrirtækja, að gæta að því hvort fyrirtæki þeirra heyri undir ákvæði laganna og gera viðhlítandi ráðstafanir ef svo er. Þau félög, hvort heldur hlutafélög, einkahlutafélög, opinber hlutafélög eða lífeyrissjóðir, sem á annað borð falla undir ákvæðin eiga ekki val um hvort kynjakvóti sé uppfylltur í takt við lagaákvæði um kynjakvóta.

Í lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, skulu stjórnarmenn aldrei vera færri en þrír. Í félögum sem hafa a.m.k. 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli er skylt að gæta kynjahlutfalla, en hvort kyn skal ekki hafa lægra hlutfall en 40% í stjórn félagsins. Félög sem hafa 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu sundurliða upplýsingar um kynjahlutfall sitt í tilkynningu til hlutafélagaskrár.

Í lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994 er skylt að hafa þrjú menn í stjórn, nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að hafa einn eða tvo í stjórn. Ef einkahlutafélag uppfyllir sömu skilyrði um fjölda starfsmanna og hlutafélög gilda sömu reglur og að framan er getið.

Þar sem gæta þarf að kynjahlutföllum getur verið nauðsynlegt að breyta samþykktum félagsins til samræmis við kynjakvótann og einnig getur verið nauðsynlegt að setja í samþykktir hvernig eigi að nálgast ákvæði um kynjakvóta með tilliti til kosningafyrirkomulags, sé það ekki nú þegar í samþykktum félags. Margar útfærslur eru til og verður að skoða hverju sinni hvaða útfærsla er heppilegust fyrir hvert félag.

Við ráðningu framkvæmdastjóra skal gæta að kynjahlutföllum. Sérstaklega ef framkvæmdastjórar eru fleiri en einn. Ef starfsmenn eru fleiri en 25 á ársgrundvelli skal sundurliðuð tilkynning um kynjahlutfall framkvæmdastjóra send Fyrirtækjaskrá.

Hvaða spurninga þarf að spyrja?

- Á félagið undir skilgreiningu laganna?
- Þarf að breyta samþykktum?
- Hvernig verður stjórn kosin á næsta aðalfundi?
- Þarf að gefa framboði til stjórnarkjörs lengri tíma en venja er vegna breytinganna?

Deloitte getur aðstoðað félög við allt er viðkemur þessum breytingum. Allar nánari upplýsingar veitir Skatta- og lögfræðisvið Deloitte;

Pétur Steinn Guðmundsson hdl.

petur.steinn.gudmundsson@deloitte.is

Guðbjörg Þorsteinsdóttir hdl.

gudbjorg.thorsteinsdottir@deloitte.is

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Hjá Skatta- og lögfræðisviði Deloitte starfa sérfræðingar sem búa yfir mikilli reynslu og þekkingu á sviði skattaréttar sem og öðrum sviðum lögfræðinnar. Ráðgjöf og þjónusta sviðsins felst m.a. í eftirfarandi:

- Skattaráðgjöf -

- Almennri skattaráðgjöf á sviði tekjuskatts, virðisaukaskatts, fjármagnstekjuskatts, erfðafjárskatts, auðlegðarskatts og annarra opinberra gjalda.
- Ráðgjöf um meðferð skatta við slit á félögum, samruna, eigendaskipti o.fl.
- Ráðgjöf um skattalega meðferð eftirgjafar skulda og frádráttar á töpuðum kröfum.
- Ráðgjöf vegna fyrirframgreidds arfs.
- Ráðgjöf um hvaða félagafarm hentar best með tilliti til rekstrar og út frá skattalegum sjónarmiðum.
- Meðferð ágreiningsmála fyrir skattfyrirvöldum og öðrum stjórnvöldum.
- Alþjóðlegum skattarétti og ráðgjöf vegna tvísköttunarsamninga.
- Gerð skattalegra áreiðanleikakannanna.
- Málflutningi í skattamálum í samstarfi við lögmannsstofu.
- Ráðgjöf um milliverðlagningu.

- Lögfræðiráðgjöf -

- Stofnun félaga, hækkun/lækkun hlutafjár, starfsreglur stjórnar, o.fl.
- Gerð lögfræðilegra áreiðanleikakannanna.
- Ráðgjöf um kaup og sölu fyrirtækja.
- Ráðgjöf og skjalagerð m.a. vegna endurskipulagningar, skiptinga og samruna félaga.
- Gerð lánasamninga og tengdra skjala.
- Aðstoð við skráningu fyrirtækja.

- Almenn samninga- og skjalagerð.
- Gerð ráðningarsamninga, starfslokasamninga, leigusamninga og kaupréttarsamninga.
- Ráðgjöf á sviði gjaldeyrislöggjafar, gerð undanþágubeiðna og samskipti við Seðlabanka Íslands.
- Samskipti við yfirvöld.
- Ráðgjöf á sviði samskeppismála.
- Ráðgjöf á sviði gjaldþrotaréttar.

- Fylgni -

- Skattframtalsgerð og aðstoð við gerð skattframtala.
- Yfirferð skattframtala félaga.
- Skattskoðun / yfirferð skattútreikninga.
- Útreikningur launatengdra gjalda og staðgreiðslu.
- Öflun atvinnu- og dvalarleyfa og önnur viðvarandi þjónusta.
- Vsk-umboðsmennska.
- Önnur skýrsluskil, s.s. vegna virðisaukaskatts, fjármagnstekjuskatts og staðgreiðsluskatta og annarra gjalda.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir, hdl.
Meðeigandi og sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs
Deloitte, s: 580-3036

Ritstjóri:

Erna Sif Jónsdóttir, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte
sími: 580-3007



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.